

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-12
150 Reykjavík

Kópavogi, 18. maí 2012

Efni: Umsögn Fagdeildar félagsráðgjafa sem vinna við málefni fatlaðs fólks, um frumvarp til laga um breytingu á lögum um réttindagæslu fyrir fatlað fólk nr. 88/2011 (ráðstafanir til að draga úr nauðung í þjónustu við fatlað fólk). Þingskjal 1124-692. mál.

Fagdeild félagsráðgjafa sem vinna við málefni fatlaðs fólks lýsir yfir ánægju sinni með að fram skuli komið frumvarp til laga um breytingu á lögum um réttindagæslu fyrir fatlað fólk nr. 88/2011 (ráðstafanir til að draga úr nauðung í þjónustu við fatlað fólk).

Mikilvægt er að huga að réttindagæslu fyrir fatlað fólk og endurbótum á henni, sbr. skýrslu Ríkisendurskoðunar um þjónustu við fatlað fólk og samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks. Fagdeildin lítur á ofangreint frumvarp sem mikilvægur úrbætur á þessu sviði.

Fagdeildin telur mikilvægt að í frumvarpinu sé tilgreint með skýrum hætti til hvaða úrræða sé hægt að grípa ef upp kemst að nauðung hafi verið beitt, án þess að vera tilkynnt til sérfræðiteymis eða sótt um undanþágu fyrir henni til nefndar um undanþágu.

Í 18. grein er gert að skilyrði að ef veitt sé undanþága til líkamlegrar valbeitingar, skuli viðkomandi starfsmenn hafa sótt námskeið um líkamlega valdbeitingu. Fagdeildin telur nauðsynlegt að gefinn sé kostur á fræðslu um innihald laganna í heild sinni, meðal annars til forstöðumanna og starfsfólks sem að málum koma, til réttindagæslumanna, til fatlaðs fólks og aðstandenda.

Mikilvægt er að á öllum stigum sé tryggð eins skjót meðferð mála og unnt er.

Með bestu kveðjum,

Fagdeild félagsráðgjafa sem vinna við málefni fatlaðs fólks

Arnbjörg Jónsdóttir
Bryndís Ósk Gestsdóttir
Guðrún Þorsteinsdóttir
María Rúnarsdóttir
Sigríður Hanna Ingólfssdóttir